

# Skýrsla gæðaráðs veturinn 2022-2023

Alma Oddgeirsdóttir  
Karl Frímannsson  
Ragnar Hólm Ragnarsson  
Selma Dögg Sigurjónsdóttir  
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir  
Sigrún Aðalgeirsdóttir  
Þorbjörg Þorsteinsdóttir  
Valdís Björk Þorsteinsdóttir

## Efnisyfirlit

Hlutverk og markmið gæðaráðs .....	4
Starf vetrarins 2022-2023.....	4
Gæðahandbók .....	4
Ytra mat á starfi skólans .....	5
Listi yfir styrkleika og tækifæri til úrbóta í hverjum matsþætti fyrir sig.....	5
Áfangaskýrslur .....	7
Rafrænt skjalastjórnunarkerfi .....	7
Jafnlaunavottun.....	7
Áfangamat skólaárið 2022 – 2023.....	8
Markmið .....	8
Forsendur .....	8
Fyrirkomulag/framkvæmd .....	8
Eftirfylgni .....	8
Skipulag næstu ára .....	8
Áfangamat veturinn 2022-2023 .....	8
Áfangar í áfangamati haust 2022 .....	9
Áfangar í áfangamati vor 2022 .....	10
Könnun fyrir foreldra og forráðafólk ólögráða nemenda.....	11
Námskrárvinna .....	12
Félagsgreinabraut.....	12
Kjörnámsbraut með áherslu á sviðslistir .....	13
Kjörnámsbraut með áherslu á tónlist.....	13
Mála- og menningarbraut .....	13
Heilbrigðisbraut .....	13
Náttúrufræðibraut.....	14
Raungreina- og tæknibraut .....	14
Húsnæði og aðstaða .....	14
Starfsemi kynningarnefndar .....	15
Grunnskólakynningar .....	16
UT-þjónusta .....	16
Menntabúðir í MA .....	16
Stjórnendafundir .....	17
Samstarf MA og VMA .....	17
Vinnustundir í raungreinum og stærðfræði .....	17
Fyrirkomulag.....	17
Kostir.....	18
Gallar .....	18

Næstu skref .....	19
Starfsáætlun gæðaráðs .....	19
Starfsáætlun gæðaráðs veturinn 2022-2023 .....	19
Haustönn .....	19
Vorönn .....	19
Ágúst.....	19
September .....	19
Október.....	19
Nóvember.....	19
Desember .....	20
Janúar .....	20
Febrúar .....	20
Apríl .....	20
Maí.....	20
Júní.....	20
Næstu skref .....	20
Dæmi um viðfangsefni gæðaráðs og stjórnenda næsta árs:.....	20
Veturinn 2023-2024 .....	21
Haustönn .....	21
Vorönn .....	21
Veturinn 2024-2025 .....	21
Haustönn .....	21
Vorönn.....	21
Fylgiskjöl .....	22
Fylgiskjal 1: Áfangamat haust 2022.....	22
Áfangamat vor 2023 .....	24
Áfangamat – Samantekt.....	27
Fylgiskjal 2: Könnun fyrir foreldra og forráðafólk ólögráða nemenda .....	34

## Hlutverk og markmið gæðaráðs

Hlutverk gæðaráðs Menntaskólans á Akureyri er að fylgja eftir gæðastefnu skólans.

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautastjórnum, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og gæðastjóra.

Gæðaráð fundar að jafnaði einu sinni í viku en vinnur þess á milli að verkefnum í minni teymum. Stjórnendur funda vikulega og þar eru einnig rædd gæðamál. Gæðamálefni eru því í stöðugri umfjöllun innan Menntaskólans á Akureyri.

Þessi sitja í gæðaráði 2022-2023

- Alma Oddgeirsdóttir
- Karl Frímannsson
- Ragnar Hólm Ragnarsson
- Selma Dögg Sigurjónsdóttir frá janúar 2023
- Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
- Sigrún Aðalgeirsdóttir
- Valdís Björk Þorsteinsdóttir
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir til desember 2022

## Starf vetrarins 2022-2023

Gæðastjóri í 50 - 65% starfi hefur leitt starf gæðaráðs í vetur. Eins og venjulega vann gæðaráð að ýmsum öðrum verkefnum en gæðahandbókinni og má þar nefna verkefni sem tengjast ytra mati, rafrænni skjalastjórnun og jafnlaunavottun.

Gæðahandbókin var birt á vef skólans í maí 2023 og er því opin öllum sem áhuga hafa á að skoða. Vinnu við hana er þó ekki lokið. Enn er verið að vinna að gæðaskjölum sem eiga eftir að bætast við og útgefin skjöl verða endurskoðuð reglulega.

Áfangamat var lagt fyrir nemendur á báðum önnum.

Í tengslum við Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skólastofnanir og VR-0021 Verklagsreglu um ferðir nemenda var fundað með stjórn skólafélagsins og félagsmálafulltrúa til að skerpa á þeim vinnubrögðum að fylgjast alltaf með hverjir eru með í ferð á vegum skólans. Í fjölmennri menningarferð til Reykjavíkur unnu nemendur samkvæmt verklagsreglunni og gættu þess að allir nafnalistar væru réttir. Einnig fóru kennarar í námsferðir með nemendum og fylgdu þá þessum verklagsreglum.

Gæðaráð fundaði allt skólaárið vikulega á fimmtudögum klukkan 13:30. Allir meðlimir gæðaráðs sóttu fundina en einnig var unnið í smærri teymum að ákveðnum verkefnum.

## Gæðahandbók

Vinna við gæðahandbókina gekk ágætlega í vetur. Eftir bakslagið síðasta ár þegar fjármálaráðuneytið gerði samning við HÍ um rekstur tölvukerfa allra framhaldsskóla þurfti að endurvinnna meiri hlutann af tæknivinnunni við gæðaskjölina og senda þau aftur í rýni og samþykkt. Á þessu skólaári virkar kerfið að mestu en þó hefur komið fyrir að senda þurfi skjal oft í samþykkt til að það komi rétt út.

Haldið var áfram að útbúa ný skjöl í vetur og má þar til dæmis nefna Viðbragðsleiðbeiningar vegna gruns um lögbrot og eyðublöð til að tilkynna um slys á skólatíma (nemendur) og á vinnutíma (starfsfólk)

Á vef skólans undir [Gæðaráð](#) má finna [gæðahandbókina](#) sem birt var í maí 2023.

## Ytra mat á starfi skólans

Mennta- og barnamálaráðuneytið gerði úttekt á starfi skólans á vorönn 2023. Skólinn fékk tilkynningu frá Menntamálastofnun í desember 2022 um að gerð yrði ytri úttekt á skólanum eftir áramótin. Í bréfinu kom fram að markmið með ytra mati væri að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um framhaldsskóla, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Í ytra mati skal m.a. lögð áhersla á stjórnun, kennslu, námskröfur, námsmat og samskipti. Einnig skal leggja mat á kerfisbundið innra mat skólans og hvernig það nýtist til umbóta. Með tilkynningunni fylgdu sjálfsmatsviðmið sem Menntamálastofnun óskaði að unnið væri eftir ásamt því að skila átti greinargerð vegna ytra mats. Þessari vinnu átti að vera lokið í síðasta lagi 15. febrúar. Í upplýsingum frá matsaðilum kom fram að matið yrði byggt á fyrirbyggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana. Óskað var eftir samantekt á ýmsum upplýsingum og gögnum um skólustarfið. Stofnaður var vinnuhópur sem í voru skólameistari, aðstoðarskólameistari, brautarstjórar, skrifstofustjóri og gæðastjóri. Fjármálastjóri kom einnig að vinnunni í þeim hluta sem tengdist hans starfi. Hluti af vinnu hópsins fór fram á fundum gæðaráðs í janúar og febrúar en einnig þurfti að halda fleiri fundi til að ljúka við að safna upplýsingum, fylla út matsviðmiðin, finna gögnin sem átti að senda með, og tilgreina þau gögn sem liggja að baki. Matsaðilar, Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson, fengu gögnin í hendur um miðjan febrúar. Nokkrir hópar voru beðnir að skoða matsviðmiðin og meta það sem að þeim sneri og var sú vinna notuð til hliðsjónar þegar gæðaráð fyllti út viðmiðin fyrir skólann.

Óskað var eftir að skólinn aðstoðaði við að finna viðmælendur fyrir viðtöl, bæði einstaklinga og viðtalshópa, áður en matsaðilarnir sóttu skólann heim 27. og 28. mars. Þessir voru tilgreindir:

**Viðtöl:** Skólameistari, aðstoðarskólameistari, brautarstjórar, fjármálastjóri, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur, formaður skólanefndar og formaður/stjórn foreldraráðs.

**Rýnihópar:** Rýnihópur kennara, (6-8), rýnihópur fagstjóra, rýnihópur annarra starfsmanna (skrifstofustjóri, umsjónarmaður fasteigna, forstöðumaður bókasafns, tölvuumsjón og fleiri ef við á), rýnihópur sjálfsmatssteymis og gæðastjóra, tveir rýnihópar nemenda yngri og eldri (6-8 nemendur undir 18 ára aldri og 6-8 nemendur yfir 18 ára aldri), stjórn nemendafélags ásamt umsjónarmanni félagslífs.

Heimsóknin gekk vel, úttektaraðilar skoðuðu skólann og ágætlega tókst að skipa í rýnihópana og halda skipulagi. Matsaðilar skiluðu síðan drögum að skýrslu til umsagnar 3. maí og fékk skólinn tækifæri til að gera athugasemdir sem skila þurfti fyrir 12. maí. Nokkrar athugasemdir eða leiðréttingar voru gerðar.

Endanleg skýrsla var svo send skólanum í lok maí. Hún var birt á vef skólans, og verður kynnt á kennarafundi og skólanefndarfundi og einnig sagt frá henni á fundi alls starfsfólks. Gæðaráð mun í kjölfarið gera áætlun um hvernig brugðist verður við úrbótatillögum í skýrslunni. Þar þarf að koma fram: Matsþáttur; tækifæri til umbóta skv. skýrslu; tillögur skóla að umbótum; ábyrgðaraðili; hvenær hefst; hvenær lokið; hvernig metið. Næstu skref eru því að fara í gegnum eftirfarandi matsþætti og fylla inn í ofangreinda áætlun.

Listi yfir styrkleika og tækifæri til úrbóta í hverjum matsþætti fyrir sig.

*Þáttur 1: Stjórnun og skipulag*

Styrkleikar

- Hefðir og stjórnfesti.
- Metnaðarfull skólasýn sem mótast hefur í víðtæku samráði á löngum tíma.
- Áhersla á að stefna skólans sé sýnileg í daglegu starfi.
- Reglulegar umræður um stefnu skólans.



- Tekið er mið af sjónarmiðum nemenda.
- Stjórnendur njóta trausts og verkaskipting er skýr.
- Vefur skólans er vel skipulagður og upplýsandi um skólastarfið.

#### Tækifæri til umbóta

- Skýra þarf verkferla betur.
- Tryggja þarf að verkferlum sé fylgt.
- Birt skipurit gæti auðveldað yfirsýn yfir skipulag og tengsl starfa.
- Starfsmannasamtöl fari fram reglubundið.
- Unnið verði úr niðurstöðum sjálfsmats með markvissari hætti.
- Mat á líðan nemenda verði liður í sjálfsmatsáætlun skólans.

#### Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

##### Styrkleikar

- Vel menntaðir kennarar og áhugasamt starfsfólk.
- Áhersla á nýbreytni og umbætur.
- Fjölbreytt námsmat og vinna því tengd.
- Virk leit að lausnum svo sem í tengslum við próftíma.
- Aðgengi nemenda að húsnæði skólans.

#### Tækifæri til umbóta

- Skýra verkferla við gerð kennsluáætlana til að auka gæði þeirra.
- Kanna leiðir til að fjölga nemendum í raungreinum.
- Bæta not námsumsjónarkerfis.
- Móta viðbrögð við truflun á vinnufriði í kennslustundum.
- Nýta niðurstöður áfangamats markvisst til að bæta kennslu.
- Gera skýra grein fyrir því hvernig unnið er með niðurstöður sjálfsmats.
- Auka þátttöku nemenda í áfangamati.
- Huga að mati á áhrifum styttingar námstíma á kennslu.
- Bæta skráningu á forföllum kennara.

#### Þáttur 3: Samskipti og líðan

##### Styrkleikar

- Öflugt félagslíf nemenda.
- Góður starfsandi.
- Nemendur upplifa umhyggju, virðingu og traust.
- Stuðningur og samstarf skólans við foreldrafélagið.

#### Tækifæri til umbóta

- Skoða lengd hléa milli kennslustunda.
  - Fylgjast með líðan nemenda frá ýmsum hliðum.
- Leggja mat á áhrif styttingar námsins á líðan og hagi nemenda, m.a. með hliðsjón af álagi, lengd skóladags og þátttöku í tómsundum.
- Auka almenna virkni foreldra og tengsl þeirra við skólann.

#### Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

##### Styrkleikar

- Góð aðstaða til kennslu og náms.
- Góð tölvuþjónusta.
- Aðgengilegt og vel búið bókasafn.
- Aðlaðandi húsnæði prýtt fjölmörgum listaverkum.

#### Tækifæri til umbóta

- Huga að tengslum kennara til mótvægis við dreifða vinnuáætlun.
- Auka þægindi nemenda í alrými

#### Þáttur 5: Lykilárangur

##### Styrkleikar

- Gott samstarf við grunnskóla á svæðinu.
- Skipulegar náms- og starfskynningar í 4. bekk.
- Markviss vinna að grunnþáttum menntunar.

#### Tækifæri til umbóta

- Athugun á viðhorfum og gengi brautskráðra sett í matsáætlun.
- Greina brotthvarf og viðbrögð við því.
- Auka tengsl við aðra framhaldsskóla.
- Taka á ný upp samstarf við SÍMEY og HA

## Áfangaskýrslur

Farið er yfir áfangaskýrslur og teknir saman punktar um nýtbreytni í áföngum, framtíðarsýn og áskoranir sem og ábendingar/óskir um breyttar áherslur. Flest af því sem er undir liðnum Framtíðarsýn tengist innri málum deilda. Áfangaskýrslur eru teknar fyrir á fagstjórafundi á haustin.

## Rafrænt skjalastjórnunarkerfi

Þann 1. janúar 2021 var tekið upp rafrænt skjalastjórnunarkerfi, easyCASES frá Microsoft, og munu fyrstu rafrænu skilin fara fram vorið/sumarið 2024 þar sem málalykill MA gildir til 30. mars 2024 og sótt var um sex mánaða aðlögunartíma. Málalykillinn verður endurskoðaður næsta vetur og þegar nýr málalykill verður tilbúinn er komið að því vinna að skjalavistunaráætlun fyrir skólann og fá hana samþykka. Á síðasta skólaári voru grisjunarbeiðnir sendar til Þjóðskjalasafns sem voru þær allar samþykktar fyrir áramótin. Fyrst og fremst er um að ræða pappírsskjöl sem skönnuð eru inn á mál í easyCASES, en einnig eru þarna flokkar rafrænna skjala sem ekki hafa upplýsingagildi fyrir starfsemi MA og eða/hægt er að finna upplýsingar um í öðrum gögnum skólans. Í vetur sóttu skrifstofustjóri og gæðastjóri námskeið Þjóðskjalasafns Íslands um innra eftirlit með skjalakerfum og í kjölfar þess var gerð áætlun um innra eftirlit fyrir skólann sem farið verður að vinna eftir næsta haust. Samkvæmt áætluninni verða tekin fyrir minnst 10 mál á mánuði.

## Jafnlaunavottun

Nýr skrifstofustjóri tók til starfa á árinu og mun koma að vinnu við jafnlaunakerfi skólans ásamt fjármálastjóra.

Launanefnd fundaði sjö sinnum skólaárið 2022-2023. Í launanefnd sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri. Launanefnd fer yfir allar beiðnir frá starfsfólki sem snúa að breytingu á launum en einnig ákvarðar launaröðun hjá nýju starfsfólki.

Eftirfarandi verkefni voru m.a. unnin á skólaárinu:

- Markmið jafnlaunakerfis voru uppfærð. Sett tímamörk á aðgerðir og ábyrgðaraðilar.
- Launaröðun starfsfólks yfirfarin m.t.t. stofnanasamninga. Kallað eftir leyfisbréfum og prófskírteinum þar sem vantar.
- Listi yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur uppfærður.
- Skjöl og skrár jafnlaunakerfis, að undanskildum verklagsreglum, voru færð yfir á sharepoint svæði stjórnenda.

Endurvottunarúttekt fór fram dagana 8. og 9. maí 2023. Fjármálastjóri og skrifstofustjóri sátu úttektina. Markmið endurvottunarúttektar er að meta starfrækslu, þar á meðal skilvirkni, jafnlaunakerfisins og felur í sér gagngera skoðun á öllum kröfum ÍST 85:2012 til að sannreyna hvort jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri mæti þeim og að mælt verði með endurvottun. Í úttektinni fundust eitt minni háttar ósamræmi, sex athugasemdir og eitt tækifæri til umbótar. Niðurstöður úttektar voru að jafnlaunakerfið og ábyrgðaraðilar sýni alla burði þess að geta haldið áfram að mæta kröfum jafnlaunastaðalsins ásamt viðeigandi lagalegum og öðrum kröfum.

## Áfangamat skólaárið 2022 – 2023

### Markmið

Markmið áfangamats er að bæta skólastarf, draga fram sterkar og veikar hliðar og veita kennurum, faggreinum og skólastjórnendum upplýsingar. Á grundvelli niðurstaðna verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Í áfangamati er nemendum gefið tækifæri til að meta nám og kennslu.

### Forsendur

Áfangamat er hluti af því innra mati sem hverjum framhaldsskóla er skylt að sinna skv. [41. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008](#), og [reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum 700/2010](#).

### Fyrirkomulag/framkvæmd

Framkvæmd áfangakannana og hvaða áfangar eru metnir hverju sinni er í samráði við fagstjóra. Gert er ráð fyrir að hver áfangi sé metinn eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Áfanginn getur þó verið metinn oftár sé þess óskað s.s. vegna breytinga á áfanganum. Áfangamat er að jafnaði lagt fyrir á síðustu þremur vikum annarinnar.

### Eftirfylgni

- Kennarar fá niðurstöður í sínum áföngum. Stjórnendur ræða við kennara um niðurstöður og starfið í heild. Áfangamatið er notað sem hluti af starfsmannasamtölum.
- Fagstjórar fá ópersónugreinanlegar niðurstöður um áfanga sem heyra undir þá og ræða þær með sinni deild. Deildin tekur afstöðu til þess hvort matið sé ásættanlegt út frá markmiðum deildarinnar eða hvort eitthvað þurfi að bæta. Niðurstöður úr þeirri umræðu skila sér til gæðaráðs.
- Gæðaráðið fær allar niðurstöður og tekur saman skýrslu þar sem heildarsamantekt birtist. Hún er svo kynnt á fagstjórafundi.

### Skipulag næstu ára

Gæðaráð ákvað að breyta fyrirkomulagi áfangamats fyrir næsta starfsár, svo að næsta vetur verður áfangamat lagt fyrir í öllum hópum. Áfangamati ársins í ár var lokið með sama fyrirkomulagi og undanfarin ár.

### Áfangamat veturinn 2022-2023

Á haustönn var áfangamat lagt fyrir í 1. og 3. bekk dagana **28. nóvember – 6. desember**. Fulltrúar gæðaráðs gengu í bekki til að leggja áfangamatið fyrir. Áfangamatið var lagt fyrir í 139 hópum, 51 áfanga. Fjöldi sem lagt var fyrir er 3027 og fjöldi svara var 2234, svo að svarhlutfallið var 74%.

Á vorönn var áfangamat lagt fyrir í 2. og 3. bekk dagana **2. - 9. maí**. Fulltrúar gæðaráðs gengu í bekki til að leggja áfangamatið fyrir. Áfangamatið var lagt fyrir í 141 hópum, 60 áföngum. Fjöldi sem lagt var fyrir er 2804 og fjöldi svara var 1855, svo að svarhlutfallið var 66%.

Frekari niðurstöður úr áfangamati eru í fylgiskjali.



Áfangar í áfangamati haust 2022

**Enska**

- ENSK2AA05
- ENSK3AV05
- ENSK3CR05
- ENSK3CU05
- ENSK3PL05
- ENSK3SB04

**Félagsgreinar, saga og heimspeki**

- FÉLA3KY04
- HEIM2SA05
- HEIM2TS05
- HEIM3YN05
- NÝNE1FO01
- SAGA2FM05
- SAGA2LL05
- SAGA2SÖ05
- SÁLF2ÁH05
- SÁLF3ÞS05
- SIÐF2HS03

**Íslenska**

- ÍSLA1AA01
- ÍSLE2YN05
- ÍSLE3LB05
- ÍSLE3MV04

**Læsi**

- LÆSI2ME10
- LÆSI2NÁ10

**Raugreinar og íþróttir**

- EÐLI3RA05
- EFNA3LE05
- FORR2FO05
- HEIL1HL02
- HEIL1HÖ01
- HEIL2HL05
- JARÐ2ÚT05
- LÍFF3GL05
- LÍFF3EF05

**Stærðfræði**

- STÆR1AL05
- STÆR2AJ05
- STÆR2AL05
- STÆR2HE05
- STÆR3LP05

**Tungumál og menning**

- DANS2AA05
- DANS2BB04
- FRAN1AA05
- LEIK3HÖ05
- LEIK3SA05
- LEIK3TL05
- MENN2TU04
- ÞÝSK1AA05
- ÞÝSK2BE05
- ÞÝSK2EE05 FRAN2EE05
- FRAN2PA05
- HÖTE1GR05
- LEIK1GR05

Áfangar í áfangamati vor 2022

**Enska**

- ENSK2FV05
- ENSK3AE05
- ENSK3BS04
- ENSK3NE05
- ENSK3PL05

**Félagsgreinar, saga og heimspeki**

- BORG2LM05
- FÉLA3AB05
- FÉLA3ST04
- FÉST2MO05
- HEIM2TS05
- HEIM3SA05
- LOKA3LR05
- LÖGF2GR05
- NÁMS1AA01
- SAGA2SÖ05
- SAGA3MG05
- SÁLF2IN05
- SÁLF3HE05
- SÁLF3UP05
- SIÐF2HS05

**Íslenska**

- ÍSLE2YN05
- ÍSLE3FR05
- ÍSLE3NR05

**Raugreinar og íþróttir**

- EÐLI2TV06
- EÐLI3FH05
- EÐLI4NU05
- EFNA3LR05
- EFNA3LY05
- EVÍS1GR05
- FORR2FO05
- HEIL1HS01
- HEIL1HP01
- HEIL1VÖ01
- HEIL2BL05
- HEIL2LÆ05
- JARÐ3VH05
- KYNF2KF05
- LÍFF3AN05
- LÍFF3LE05
- NÆRI3GR05

**Stærðfræði**

- STÆR3DF05
- STÆR3GX05
- STÆR3LA05
- STÆR3LÁ05
- STÆR3LP05
- STÆR3SS05
- STÆR3TX05

**Önnur erlend tungumál og aðrir áfangar**

- DANS2AA05
- DANS2BB04
- FRAN1CC05
- GRHÖ1GR05
- HÖTE1GR05
- LEIK3SK05
- LOKA3LM04
- LOKA3LV05
- MENN2YN05
- MIÐL2MT05
- NTDA2SK03
- TÁKN1AI05
- ÞÝSK1CC05

## Könnun fyrir foreldra og forráðafólk ólöggráða nemenda

**Kannanir fyrir foreldra nemenda** eru lagðar fyrir á nokkurra ára fresti og ein slík var send foreldrum í mars 2023. Alls fengu 713 foreldrar könnun, 158 svöruðu. Svarhlutfall er aðeins 22% en þegar haft er huga að bak við hvern nemanda geta verið 1-4 forráðamenn skráðir þá má ef til vill álykta að hærra hlutfall en 22% nemenda sé þar að baki, en það er ekki hægt að slá því föstu. Það er því erfitt að draga miklar ályktanir um svör. Um það bil 360 nemendur voru yngri en 18 ára þegar könnunin var send út.

Þrjár spurningar voru opnar.

Ein var: Hvaða þætti í skólastarfinu ert þú sérstaklega ánægð/ur með?

Alls bárust 60 svör sem voru flokkuð í 77 atriði, flest lutu að kennslu og samskiptum og náminu.

27 atriði voru hrós til kennara og annars starfsfólks; góð samskipti, kennurum umhugað um nemendur, almenn ánægja

21 atriði fjallaði um námið; gott og krefjandi nám, góður undirbúningur, fjölbreytt

18 atriði tengdust félagslífi, uppbroti á námi og bekkjakerfinu

10 atriði sneru að skipulagi, upplýsingagjöf og verkefnatöflu

Sem dæmi um svör má nefna:

- Barninu mínu líður vel í skólanum, góðir kennarar sem hvetja áfram, félagslífið fjölbreytt og skemmtilegt. Gott aðgengi að námsráðgjöf og skólasálfræðingi sem gott er að leita til
- Lang flestir kennarar sem barnið mitt er með, á raungreinabraut, eru að reynast því mjög vel
- Barnið mitt hefur tekið miklum framförum félagslega
- Auðvelt að hafa samband við stjórnendur og kennara, mjög gott þegar maður er langt í burtu
- Kennsluna, félagslífið, stemninguna í skólanum. Regluleg uppbot skemmtileg
- Ég er mjög ánægð með samskipti kennara við mína dóttur. Enda þykir henni vænt um sína kennara og ber virðingu fyrir þeim og vill standa sig vel
- Margir skilningsríkir kennarar og góð nýbreytni að hafa vinnustundir á náttúrufræðibraut
- Góð kennsla og góður undirbúningur fyrir háskólanám
- Gott nám og klárir kennarar sem hafa metnað fyrir hönd nemenda
- Uppbygging af góðum kennurum, yndisleg kona í afgreiðslunni, námsráðgjöfum og sálfræðing, allir tilbúnir til að gera allt fyrir nemendur sína, svara snögg tölvpóstum, ég gæti ekki verið ánægðari
- Andrúmsloftið á heimavistinni - metnaður í námi - áhersla á félagslíf
- Gott að fá töflu í byrjun annar með yfirliti yfir verkefnaskil annar í öllum fögum

Önnur opin spurning var: Er eitthvað í starfi skólans sem betur mætti fara að þínu mati?

Alls bárust 66 svör eða 70 atriði. Þau voru flokkuð í 5 flokka, auk eins opins flokks. Flestar athugasemdirnar tengdust náminu, það væri of þungt eða álagið of mikið. Næst flestar athugasemdir snerust að upplýsingagjöf sem gæti verið betri og betra utanumhald um nemendur.

14 svör voru um álag í námi; of mikið efni, of þungt nám, stytting námstímans

12 svör tengdust upplýsingagjöf; of lítið af upplýsingum, vantar fleiri fundi með fagkennurum og umsjónarkennurum, upplýsingagjöf frá kennurum og skólanum, endurskoða kynningarfund

11 svör tengdust utanumhaldi um nemendur; stuðningur við nemendur, eftirfylgni með greiningum, námsaðstoð, fylgjast með (of mikilli) hópavinnu, eftirfylgni með drengjum, mætingar



11 svör voru um kennsluhætti og námsmat; munur milli kennara í sama áfanga, utanbókarlærdómur, óparfa próf, horft á HM í kennslustundum

7 svör sneru að verkefnaöflu; álagi og verkefnum ekki nógu vel dreift

5 svör: INNA, kennslukerfi og upplýsingakerfi; hafa allt á einum stað, of litlar upplýsingar í INNU

4 svör: Félagslíf; komast inn í klúbba, upplýsingar bara í „story“, busapartí með áfengi, taka tillit til nemenda í LMA

6: Annað/óflokkað

Þriðja opna spurningin var um foreldrafélagið. Alls voru 18 sem svöruðu og komu með hugmyndir að atriðum fyrir félagið að sinna.

Svörun er í heildina jákvæð, foreldrar treysta skólanum, telja barn sitt sinna heimanámi oft, finnst miðannarmatið hafa nýst í náminu og barni þeirra líði vel í skólanum og eigi félaga. Foreldrar nýta sér Innu en fylgjast minna með Moodle og OneNote enda þurfa þau þá að fá aðgangsorð barna sinna en hafa ekki beinan aðgang. Þau bera traust til skólans og telja væntingarnar hafa staðist.

30% eru ósammála því að álag í námi sé hæfilegt. Aðeins 15% fylgjast með starfi foreldrafélagsins. 23% fylgjast lítið með heimasíðu skólans en flest telja upplýsingagjöf skólans góða og telja kynningarfundinn við skólasetningu hafa verið gagnlegan.

Sjá má niðurstöður í heild sinni í fylgiskjali 2.

## Námskrárvinna

Á skólaárinu, að mestu leyti á á vorönn, fór fram endurskoðun á námsferlum allra námsbrauta skólans. Meginmarkmið endurskoðunarinnar var að fækka einingum á námsbrautum skólans úr 203 í 200. Tvær ástæður lágu einkum að baki breytingunum; í fyrsta lagi sú að allar einingar umfram 200 auka námsálag hjá nemendum og sú síðari er sú að skólinn fær fjárframlög sem miða að 200 eininga stúdentsprófi og umframeiningar því kostnaðarsamar fyrir skólann. Samhliða þessari vinnu var kallað eftir athugasemdum frá kennurum um námsferla nemenda s.s. áfangaröð og önnur hagnýt atriði.

Stjórnendur gerðu tímalínu fyrir verkefnið með aðkomu fagstjóra og kennara. Eftir samráð á fagstjórafundum og kennarafundum lögðu stjórnendur fram þá tillögu að einingum yrði fækkað í sameiginlegum kjarna brauta. Á árunum 2020-2022 urðu breytingar á öllum námsbrautum skólans þar sem einingum í brautarkjarna var fjölgað og valeiningum fækkað og því þótti stjórnendum ekki ástæða að hrófla frekar við þeim hluta námsferlanna. Niðurstaðan varð að fækka einingum um eina í þremur námsgreinum, þ.e. íslensku, siðfræði og íþróttum.

- -1 eining í íslensku. Stjórnendur gerðu tillögu um að ÍSLE3LB05 verði ÍSLE3LB04 en íslenskudeild lagði til að frekar yrði ÍSLE2MÁ05 að ÍSLE2MÁ04 og varð það niðurstaðan
- -1 eining í siðfræði, SIÐF2HS05 verður SIÐF2HS04
- -1 eining í íþróttum, taka út ýmist HEIL1HÖ01 eða HEIL1VÖ05. Gera þarf nýjan áfanga/áfangaheiti fyrir þennan eina áfanga í 3. bekk.

Aðrar tilfærslur og breytingar á ferlum námsbrauta voru þessar:

## Félagsgreinabraut

- HEIM2AS05 færirst af 3H yfir á 2V og SIÐF2HS04 færirst af 2V yfir á 3H, samkvæmt ósk kennara í félagsgreinum
- FÉLA2AA05 færirst af 2H yfir á 1V og LÍFF1GL05 færirst af 1V yfir á 2H, samkvæmt ósk kennara í félagsgreinum



- **STÆR3LÁ05** verður **STÆR2LÁ05** og færast af 2H yfir á 1V, og **STÆR2FF05** verður **STÆR3FF05** og færast af 1V yfir á 2H, samkvæmt ábendingu frá stærðfræðikennurum
- **Þriðji áfangi í 3. máli** færast af 2V yfir á 2H, samkvæmt ósk kennara í þriðja máli. Á móti færast **EVÍS1GR05** af 2H yfir á 2V

#### Kjörnámsbraut með áherslu á sviðslistir

- **STÆR3LÁ05** verður **STÆR2LÁ05** og færast af 2H yfir á 1V, og **STÆR2FF05** verður **STÆR3FF05** og færast af 1V yfir á 2H, samkvæmt ábendingu frá stærðfræðikennurum
- Enska fer úr 18 einingum í 20 einingar.
- Bundið pakkaval í leiklist fellur út.
- Ýmsar breytingar á leiklistaráföngum, tilfærslur milli anna og fara úr 42 einingum í 45
- Val minnkar um 5 einingar á 3V

#### Kjörnámsbraut með áherslu á tónlist

Kjörnámsbraut með áherslu á tónlist var hönnuð í samvinnu við Tónlistarskólann á Akureyri og hófu fyrstu nemendurnir nám á brautinni haustið 2016. Nemendur á brautinni hafa ekki þurft að taka allan sameiginlegan kjarna annarra brauta og í staðinn hefur brautarkjarni/val skipað stærri sess. Á komandi skólaári verður bætt við einingum í ensku og stærðfræði til samræmis við kjörnámsbraut í sviðslistum.

#### Mála- og menningarbraut

Mála- og menningarbraut var eina námsbraut skólans sem innihélt 200 einingar og þegar einingum í sameiginlegum kjarna var fækkað um þrjár stóðu eftir 197 einingar. Ákveðið var að einingarnar þrjár sem upp á stúdentsprófið vantaði færi í brautarkjarna til þeirra greina sem teljast helstu einkennisgreinar brautarinnar.

- Stjórnendur gerðu tillögu um að einingarnar þrjár sem færast úr sameiginlegum kjarna færast yfir í brautarkjarna og bætist við íslensku og menningu. Fagstjórar í íslensku, ensku og öðrum erlendum tungumálum tóku vel í að bæta einingu við íslensk málvísindi en bentu á að betra væri að færa einingarnar yfir á dönsku og ensku, frekar en menningu.
- **DANS2BB04** verður **DANS2BB05** (og verður þar með ekki lengur hluti af sameiginlegum kjarna heldur brautarkjarna)
- **ÍSLE3MV04** verður **ÍSLE3MV05**
- **ENSK3BL04** verður **ENSK3BL05**
- **STÆR3LÁ05** verður **STÆR2LÁ05** og færast af 2H yfir á 1V, og **STÆR2FF05** verður **STÆR3FF05** og færast af 1V yfir á 2H, samkvæmt ábendingu frá stærðfræðikennurum

#### Heilbrigðisbraut

- Stjórnendur gerðu tillögu um að færa efnafræði og eðlisfræði fram um eina önn og færa þriðja tungumál aftur um tvær annir á móti, auk þess að gera gat í feril þriðja tungumáls milli 2. og 3. áfanga. Tillagan var gerð til að svara ákalli um að nemendur á HB, NB og RTB fái meiri raungreinar strax í upphafi náms. Tillagan mætti mjög ákveðinni mótstöðu kennara, bæði í raungreinum og tungumálum, og var því dregin til baka.
- **STÆR3FX05** fær annað áfangaheiti og breyttar áherslur, samkvæmt áætlunum stærðfræðideildar
- **Lokaáfangi í 3. erlenda máli** verður færður af 2H yfir á 2V. Á móti færast **SAGA2SÖ05** af 2V yfir á 2H.

### Náttúrufræðibraut

- Stjórnendur gerðu tillögu um að færa efnafræði og eðlisfræði fram um eina önn og færa þriðja tungumál aftur um tvær annir á móti, auk þess að gera gat í feril þriðja tungumáls milli 2. og 3. áfanga. Tillagan var gerð til að svara ákalli um að nemendur á HB, NB og RTB fái meiri raungreinar strax í upphafi náms. Tillagan mætti mjög ákveðinni mótstöðu kennara, bæði í raungreinum og tungumálum, og var því dregin til baka.
- **Lokaáfangi í 3. erlenda máli** verður færður af 2H yfir á 2V. Á móti færist **LÍFF3LE05** af 2V yfir á 2H.
- **STÆR3LP05** verði festur í brautarlýsingu í stað **STÆR3TX05**

### Raungreina- og tæknibraut

- Stjórnendur gerðu tillögu um að færa efnafræði og eðlisfræði fram um eina önn og færa þriðja tungumál aftur um tvær annir á móti, auk þess að gera gat í feril þriðja tungumáls milli 2. og 3. áfanga. Tillagan var gerð til að svara ákalli um að nemendur á HB, NB og RTB fái meiri raungreinar strax í upphafi náms. Tillagan mætti mjög ákveðinni mótstöðu kennara, bæði í raungreinum og tungumálum, og var því dregin til baka.
- **Lokaáfangi í 3. erlenda máli** verður færður af 2H yfir á 2V. Á móti færist **SAGA2SÖ05** af 2V yfir á 2H.

Ekki var hægt að breyta brautunum í námskrárgrunni ráðuneytisins þar sem unnið er að lagfæringum á grunninum en brautirnar verða settar inn í nýjan grunn þegar hann verður tilbúinn. Gera þarf nýjar áfangalýsingar í þeim áföngum sem breyttust að umfangi og setja nýjar brautir í Innu.

Námskrá skólans er í sífelltri endurskoðun og nokkur stór verkefni framundan. Hér að framan hefur verið tæpt á þeim flestum, það er að fækka námseiningum í 200 á þeim brautum sem innihalda 203 einingar til stúdentsprófs og endurskoða ferla og áfanga á þeim brautum.

### Húsnæði og aðstaða

Bætt aðstaða nemenda í Kvosinni hefur verið á dagskrá undanfarin ár. Haustið 2022 komu loks sófar, pullur og borð sem komið var fyrir á pallinum í suðurenda Kvosarinnar. Eftir er að kanna með dýnur í tröppurnar.

Nokkrar breytingar urðu á húsnæði skólans. Skrifstofum skólans var breytt; Meistarastofa varð að vinnuherbergi skólameistara, aðstoðarskólameistara og fjármálastjóra en Sólbyrgið, sem var áður skrifstofa skólameistara, varð fundarherbergi, brautarstjórar fluttu sig í fyrrum vinnuherbergi fjármálastjóra og skrifstofa aðstoðarskólameistara var gerð að fundar-/viðtalsherbergi sem fékk heitið Frúarstofa. Markmiðið með þessum breytingum var að ýta undir frekari teymisvinnu stjórnenda.

Skólinn var þátttakandi í Erasmus+ verkefni þetta skólaár ásamt skóla í Budapest. Verkefnið kallaðist „Supporting Students' and Educators' Mental and Physical Well-being in Challenging Times“. Í verkefninu var unnið að því að finna og hanna átta bjargráð sem geta nýst nemendum og starfsfólki skólans við að bæta andlega og líkamlega heilsu og vellíðan og sneru sum að húsnæði. Eitt var að útbúa slökunarherbergi í kjallara Gamla skóla, Friðheim, þar sem áður var skrifstofa brautarstjóra. Þar á að vera hægt að koma og slaka á og íhuga í friði og ró og einnig er í boði að skanna QR kóða og fá aðgang að fjölbreyttum æfingum og slökunum. Herbergið er ekki hugsað til lærdóms eða vinnu. Eftir er að finna hentugt fyrirkomulag til að bóka herbergið.

Það var einnig partur af verkefninu að útbúa hópinnustofu og finna hentug húsgögn til þess. Þau koma væntanlega haustið 2023 og verða sett í stofu á Möðruvöllum.

Á skólaárinu var tekið í notkun nýtt upptökuherbergi á Möðruvöllum og var kennurum boðið upp á kynningu á notkunarmöguleikum þess. Nemendur hafa einnig aðgang að herberginu en þurfa að bóka það og fá leiðbeiningar um notkun þess. Ekki er enn komin mikil reynsla á notkuninni.

## Starfsemi kynningarnefndar

Fjórir fundir voru haldnir á skólaárinu auk þess sem hluti nefndarinnar fór í vettvangsferð að Laugum í Reykjadal.

Stóra verkefni annarinnar var SamNor verkefnið. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra stóðu fyrir kynningarátaki á framhaldsskólum á svæðinu, markmiðið var fyrst og fremst að sýna fram á fjölbreytt og spennandi nám sem er í boði. Auglýsingastofan Eyraaland vann kynningarefni fyrir skólana og tóku nemendur virkan þátt í þeim og settu sinn svip á verkefnið allt. Fyrir utan stórt sameiginlegt átaksmyndband fékk MA sitt eigið kynningarmyndband sem hægt er að nota til kynningarstarfs. Verkefnið gekk vel og ljóst að kostað átaksverkefni sem þetta gefur skólunum öllum byr undir báða vængi og hefur jákvæð áhrif, á svo margan hátt. Einnig keypti MA styttri myndskreið til að nota í sögur/veitur á Instagram og Facebook, auk þess sem auglýsingar á sömu miðlum.

Sem fyrr var 9. bekkjum á stór Eyjafjarðarsvæðinu boðið á generalprufu LMA. Í þetta sinn var verið Footloose sett á svið og aðsókn níundu bekkja var mjög góð. Þetta tókst vel til og ekki spurning um að halda boðinu áfram á næsta skólaári.

Kynningarefni skólans þarfnast uppfæringar t.d. vegna brautabreytinga, skólameistaraskipta o.fl. Myndir voru orðnar gamlar og því var ljósmyndari fenginn til þess að taka nýja myndir í skólanum. Markmiðið var fyrst og fremst að fanga lífið í skólanum, fjölbreytt og margbreytilegt.

Glærupakkinn á vefnum var uppfærður og settar inn nýjar myndir. Dagný Reykjalin, grafískur hönnuður, hefur síðustu misserin unnið að allsherjar uppfærslu á kynningarspjöldum annars vegar og kynningarbæklingi hins vegar. Hvoru tveggja verður komið inn á heimasíðu skólans. Nýja efnið byggir á gömlum grunni en hefur þó fengið andlitslyftingu.

Heimasíða skólans er reglulega uppfærð og þangað koma nýjar fréttir með vissu millibili. Eins er þar að finna allar helstu grunnupplýsingar og kynningarefni skólans. Mikilvægt er að halda síðunni uppfærðri og að setja þar inn alls konar efni sem á þar erindi.

Facebook síða skólans er líka vel lifandi og koma oftast en ekki tenglar þar inn sem vísa nánar á efni á heimasíðunni. Instagram reikningurinn er líka vinsæll og daglegir fylgjendur þar eru á milli 600-700. Þar eru settar inn fréttir, auglýsingar, myndir og myndskreið, #lífiðíMA!

Opið hús var haldið í 3. sinn þessa önnina. Mánudaginn 15. maí voru foreldrar og nemendur í 9. og 10. bekk boðnir velkomnir í Kvosina þar sem þeir fengu stutta kynningu á skólanum og vöfflukaffi þar á eftir. Þeir sem vildu gátu gengið um skólann og svarað spurningum í ratleik. Aðsókn var ekki eins góð og í fyrra en líklegt er að um 50 manns hafi þegið boðið. Nemendur voru hjálpsamir og tóku vel í að standa upp og segja aðeins frá líf og starfi í skólanum.

Merkingar: Hannaðar voru merkingar fyrir snyrtingar án kynjaaðgreiningar og fyrir fatlaða – tillagan féll ágætlega í kramið og líklegt að fljótlega verði skiltin komin upp. Einnig voru pöntuð skilti á skrifstofur brautastjóra og skrifstofustjóra.

## Grunnskólakynningar

Náms- og starfsráðgjafar hafa yfirumsjón með kynningum á skólanum fyrir efstu bekkni grunnskóla. Á haustönn voru haldnir tveir kynningardagar, annars vegar fyrir innanbæjarskóla og hins vegar fyrir utanbæjarskóla alveg frá Hvammstanga og yfir til Þórshafnar. Akureyrarskólunum hefur verið skipt niður á tíma þar sem tveir til þrjár skólar koma saman í einu og hefur það fyrirkomulag gefist mjög vel. Kynningardagur fyrir utanbæjarskóla er haldinn í samvinnu við Verkmenntaskólann á Akureyri og heimavist skólanna beggja. Kennarar og nemendur voru fengnir til liðs til að kynna brautirnar og segja frá einkennum þeirra. Nemendur úr stjórn skólafélagsins koma einnig að þessum kynningum og sjá um að kynna námið auk félagslífsins. Kynningardagarnir tókust afar vel og erum við ánægð með þetta fyrirkomulag.

Opið hús var haldið fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og forráðamenn á vordögum. Boðið var upp á vöflur og heppnaðist opna húsið vel. Nemendur sáu um tónlistaratriði, sögðu frá upplifun sinni af því að vera nemandi í MA og stjórn skólafélagsins sá um kynningu á félagslífinu.

## UT-þjónusta

Veturinn gekk vel og hlutirnir farnir að ganga sinn vanagang eftir flutninga í Menntaský haustið 2021 en stór hluti þess vetrar fór í aðlögun og fínþússun. Fastir liðir starfsins héldu sér, t.d. viðvera á bókasafni bæði UT-ráðgjafa og starfsmanns Advania. Gagnsemi þeirrar þjónustu er margbúin að sanna sig.

Skólinn notast við Office 365 eins og undanfarin ár og eru möguleiki og tækifæri þar sífellt að aukast. UT fulltrúar héldu áfram að tileinka sér nýjungar innan þessa kerfis og kynna þær tæknilausnir sem þeir töldu eiga mest erindi við kennara í þessum skóla.

Meðal þess sem helst ber að nefna úr starfi UT-deildar þennan veturinn eru innkaup á fartölvum fyrir starfsfólk og endurnýjun á hátölurum í stofum og svissum í Gamla skóla. Einnig var sett upp fullbúið upptökustúdíó í kjallara Möðruvalla sem er algjör bylting bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Stúdíóinu var afar vel tekið af nemendum og nýttu þau það óspart í verkefnavinnu. Skólinn bauð í fyrsta sinn upp á leyfi á myndbandaklippiforritið WeVideo til útláns og var það jákvætt skref.

## Menntabúðir í MA

Vorið 2022 lauk Menntabúðaverkefninu sem styrkt var af Sprotasjóði formlega. Nokkur afgangur var af styrknum sem var nýttur til að halda fernar menntabúðir í vetur, þar af einar sem allir Samnor-skólarnir komu að. Á sameiginlegu menntabúðunum var fyrst aðalerindi þar sem Anna María Þorkelsdóttir fjallaði um Gervigreind og tækifærin sem hún býður upp á til að efla nám og kennslu og í kjölfarið voru í boði fimm samhliða málstofur. Hinar menntabúðirnar þrjár voru eingöngu fyrir starfsfólk MA og voru þær mjög fjölbreyttar, t.d. voru málstofur um betri svefn, sýndarveruleikagleraugu í kennslu, kennsluáðferðir í stærðfræði, vellíðan nemenda og Immersive reader sem Office býður upp á og gagnast nemendum með lestrarörðugleika. Fjölbreytt blanda af bæði tæknimiðuðum málstofum og öðrum sem leggja áherslu á vellíðan og velgengni nemenda og starfsfólks.

